

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breytt deiliskipulag Ása- og Traðabakkalands.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 12. febrúar 2002, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Ása- og Traðabakkalands á Akranesi.

Um er að ræða lengingu á botnlangagötum innan hverfisins um 2,5 m.

Deiliskipulagsbreytingin var kynnt samkvæmt 2. mgr. 26. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Undirskriftalisti barst frá eigendum viðkomandi lóða, þar sem óskað var eftir lengingu á botnlangagötum um 2,5 m.

Breytt deiliskipulag Flatahverfis, klasi 3, lóðirnar 1-17 við Tindaflöt.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. júní 2002, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis klasi 3 á Akranesi.

Breytingin felst í því að heimilt verður að byggja tvílyft fjölbýlishús 6-8 íbúða í stað 2ja hæða raðhúsa.

Deiliskipulagsbreytingin var kynnt samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Engar athugasemdir voru gerðar.

Breytt deiliskipulag Flatahverfis, klasi 4, lóðirnar 1-3, 5-7 við Steinsstaðflöt.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. júní 2002, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis klasi 4 á Akranesi.

Breytingin felst í því að í stað þess að heimilt er að reisa raðhús eða parhús á lóðunum, verður heimilt að reisa parhús eða einbýlishús.

Tillagan var kynnt samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Engar athugasemdir bárust.

Breytt deiliskipulag Flatahverfis, klasi 4, lóðirnar 2-4 við Steinsstaðflöt.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. júní 2002, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis klasi 4 á Akranesi.

Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður til suðvesturs um 2,0 m.

Deiliskipulagsbreytingin var kynnt samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Engar athugasemdir bárust.

Breytt deiliskipulag Flatahverfis, klasi 4, lóðirnar 6-8 við Steinsstaðflöt.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. júní 2002, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis klasi 4 á Akranesi.

Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður til suðvesturs um 2,0 m.

Deiliskipulagsbreytingin var kynnt samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Engar athugasemdir bárust.

Breytt deiliskipulag Akratorgsreits.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldin var þann 11. júní 2002, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits á Akranesi.

Breytingin felst í að gatnamótum Suðurgötu og Akursbrautar er breytt þannig að Akursbraut verður að aðalbraut og biðskylda verður á umferð af neðri hluta Suðurgötu.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Engar athugasemdir bárust.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar taka þegar gildi.

Akranesi, 24. júní 2002.

Skúli Lýðsson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.